

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Fjarðabyggð.

*Eskifjörður – miðbær.*

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 6. maí 2021 breytingu deiliskipulagsins Eskifjörður – miðbær.

Deiliskipulagsbreytingin felst í að efri hluti Lambeyrarbrautar verður gerður að vistgötu. Einnig verður gert ráð fyrir byggingarlóð fyrir íbúðarhús milli Lambeyrarbrautar 1 og 3.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Breytt deiliskipulag tekur þegar gildi.

*Fjarðabyggð, 21. maí 2021.*

**Jón Björn Hákonarson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 4. júní 2021